

Efnisyfirlit

1. Formáli fiskistofustjóra, Ögmundar Knútssonar • 3
2. Upplýsingagjöf, samstarf og vottun sjávarafurða • 4
3. Eftirlit • 5
4. Lax- og silungsveiði • 10
5. Meðferð mála • 14
6. Álagning og innheimta • 15
7. Mannauður • 16
8. Upplýsingatækni • 18
9. Rekstraryfirlit Fiskistofu 2020 • 19
10. Starfsmenn Fiskistofu 31. desember 2020 • 22



FISKISTOFA
TRAUST · FRAMSÆKNI · VIRÐING

Ársskýrsla 2020



Fiskistofa er stjórnsýslustofnun sem heyrir undir atvinnu-vega- og nýsköpunarráðuneyti og gegnir mikilvægu hlutverki við að stuðla að ábyrgri og hagkvæmri nýtingu fiskistofna.

Hlutverk Fiskistofu er að annast framkvæmd laga og reglna um stjórn fiskveiða í sjó og fersku vatni. Stofnunin annast stjórnsýslu og eftirlit ásamt söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga um sjávarútveg, lax- og silungsveiðar og hvalveiðar.

Fiskistofa mars 2021
Ljósmyndir: Sumarliði Óskarsson
Umbrot: Egill Baldursson ehf

1. Formáli fiskistofustjóra

Árið 2020 hefur á margan hátt verið ár áskorana í starfi Fiskistofu ekki síst vegna áhrifa frá Covid. Vegna faraldursins hefur eftirliti á vettvangi verið settar miklar skorður. Þess í stað hefur stofnunin lagt áherslu á að marka stefnuna og móta aðferðir við áhættugreiningu og fjareftirlit. Sú vinna byggðist meðal annars á að nýta skýrsluna *Bætt eftirlit með fiskveiðiaudlindinni* sem út kom snemma árs 2020 og var unnin fyrir Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið. Í skýrslunni er að finna úttekt á starfsemi Fiskistofu og ábendingar um leiðir fram á við til bættis árangurs.

Á árinu hafa einnig orðið þónokkrar breytingar á starfsemi Fiskistofu vegna hreyfinga í stjórnendahópnum. Sjálfur tók ég við stöðu fiskistofustjóra í maí af Eyþóri Björnssyni sem reyndist Fiskistofu farsæll stjórnandi undanfarinn rúman áratug. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka honum góð störf í þágu stofnunarinnar og ekki síður fyrir að skila af sér traustu búi sem við mér blasti þegar ég kom til starfa. Auk tilkomu minnar hefur það æxlast þannig á árinu að tölverðar breytingar hafa orðið á stjórnendahópnum. Í framkvæmdastjórn Fiskistofu situr nú eingöngu einn sviðsstjóri af þeim sem þar voru fyrir í upphafi árs. Ég vil því nota þetta tækifæri og þakka fráfarandi sviðsstjórum góð störf í þágu stofnunarinnar. Mikilvægt er að horfa til framtíðar og í byrjun nýs árs hóf ný stjórnendahópurinn stefnumótunarstarf og samhæfingu í störfum sínum. Væntingar standa til að árangurinn af því starfi taki á sig mynd á komandi mánuðum.

Samhliða endurnýjuninni hefur orðið sú breyting að stjórnendahópurinn er nú að mestu staðsettur í höfuðstöðvunum á Akureyri en áður voru fjórir af fimm sviðsstjórum staðsettir í Hafnarfirði. Þannig hefur vinnustaðurinn á Akureyri styrkst en engu að síður helst áfram kröftug starfsemi í Dalshrauni í Hafnarfirði sem er enn álíka fjölmennur vinnustaður og á Akureyri.

Dreifð staðsetning starfsmanna og stjórnenda Fiskistofu hefur ekki skapað teljandi vandkvæði í starfsemiinni allt frá því höfuðstöðvarnar voru fluttar til Akureyrar. Miklu fremur reyndist það vera áskorun sem tekist var á við með samstilltu átaki og góðum árangri. Fjarvinna og samstarf í gegnum rafrænar lausnir hefur gengið afar vel — svo vel að stofnunin átti ekki í neinum vandræðum með að laga sig að þeim skorðum sem Covid setti innra starfi á árinu.

Á meðal mikilvægra verkefna á árinu sem leið má nefna að lokið var við að aðskilja tölvukerfi Fiskistofu og Hafrannsóknarstofnunar en saga þeirrar samtvinnunar er fólgin í því að Fiskistofa byggði upp og annaðist upplýsingatækniþarfir Hafrannsóknarstofnunar um árabíl. Nú er þessum aðskilnaði lokið en unnið hafði verið að hon-

um undangengin misseri. Eftir sem áður er samstarf stofnananna mikið og tryggt er að báðar stofnanirnar hafi áfram aðgang að öllum þeim gögnum sem þeim eru nauðsynlegar til þess að gegna hlutverki sínu. Í framhaldi af þessari vinnu var ákveðið að úthýsa allri tækniþjónustu í rekstri upplýsingatækniþerfa Fiskistofu og lauk þeirri vinnu um mitt ár. Þá vinnur Fiskistofa að innleiðingu á ISO 27001 upplýsingaöryggisstaðli og staðlinum ISO 31000 fyrir áhættumat við stýringu fiskveiðieftirlits.

Á árinu var ráðist í nokkur verkefni sem miða að innleiðingu nýjunga og endurbóta á fiskveiðistjórnun og eftirliti. Frá og með 1. september sl. varð skylt að skila öllum afladagbókum með rafrænum hætti. Á þeim grundvelli er svo unnið að endurbótum á rafrænni skráningu afla og vinnslu hans. Þetta felst í því að tengja saman skilin á rafrænu afladagbókunum sem eiga sér stað í lok hverrar veiðiferðar við aflaskráningarkerfið GAFL þar sem hafnarvigarmenn skrá löndunarupplýsingar og gefa út vigtarnótur. Hver veiðiferð fær rafrænt auðkennisnúmer við skilin á afladagbókinni og það númer fylgir síðan öllum gögnum um aflann áfram í kerfum Fiskistofu. Að þessu er stefnt í nokkrum áföngum og verður þeim fyrsta lokið fyrir mitt ár 2021. Þessi gögn sem rekja feril aflans og afurðanna geta með ýmsum hætti nýst í markaðstilgangi fyrir íslenskar sjávarafurðir þar sem hægt verður að sýna kaupendum allan feril fisksins frá veiðiferðinni yfir á matardiskinn. Enn fremur má nefna að nú er unnið að framsetningu á upplýsingum um veiðar og vinnslu með myndrænum hætti á svonefndu mælaborði sjávarútvegsins.

Fiskistofa gegnir mikilvægu hlutverki í stjórnun og eftirliti með fiskveiðum Íslendinga sem miðar að því að tryggja sjálfbæra nýtingu auðlindarinnar. Eftirlit framtíðarinnar með fiskveiðum og vinnslu verður í æ ríkari mæli rafrænt. Fiskistofa hefur sótt á um að auka notkun nýrra tæknilausna á því sviði í samráði við hagsmunaaðila sjávarútvegsins og stjórnkerfið. Þannig er hafin notkun dróna við eftirlit og áhugi er á að nýta myndavélar í stað viðveru eftirlitsmanna í auknum mæli. Endurbætur á víðrækri gagnaskráningu og rafrænum kerfum við fiskveiðistjórnun hjá Fiskistofu gerir einnig kleift að nýta margvíslegar aðferðir við gagnagreiningu til að gera eftirlit markvissara. Þetta er mikið hagsmunamál bæði Fiskistofu sem þjónustu- og eftirlitsstofnunar sem og þjóðarinnar allrar við ábyrga nýtingu auðlinda hafins. Þetta skilar sjávarútveginum einnig miklu því víst er að sjálfbærar veiðar og sannanlega markvisst eftirlit eru forsendur þess að íslenskar sjávarafurðir haldi stöðu sinni á alþjóðamarkaði sem fyrsta flokks vara.

Ögmundur H. Knútsson, fiskistofustjóri

2. Upplýsingagjöf, samstarf og vottun sjávarafurða

Fiskistofa safnar gögnum um veiðar og vinnslu afla, og skráir upplýsingar um aflaheimildir og stöðu þeirra. Stofnunin tekur saman margvíslegar upplýsingar úr þessum gögnum og birtir þær meðal annars á vef Fiskistofu. Nefna má reglulega birtingu á aflatölum yfirstandandi fiskveiðisárs og ársyfirlit sem gefið er út í október og hefur að geyma samanteknar upplýsingar um undangengið fiskveiðiár.

Leitast er við að hafa heimasíðu Fiskistofu þannig að hægt sé að nálgast upplýsingar á sem aðgengilegastan hátt og lögð er áhersla á gagnvirkar síður þar sem notendur geta sótt upplýsingar beint úr gagnagrunnum. Fiskistofa sérvinnur einnig upplýsingar eftir beiðni gegn gjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Á árinu svaraði Fiskistofa 201 almennri fyrirspurn sem er fækkum um 10 frá fyrra ári. Algengast er að spurt sé um veiðar, aflaheimildir og afla. Töluvert er einnig um að vottunaraðilar íslenskra sjávarafurða óski eftir gögnum og ár hvert er nokkuð um fundi með slíkum aðilum þegar þeir eru að gera úttektir á íslenskum sjávarútvegi. Í hverjum mánuði berast Fiskistofu fyrirspurnir frá erlendum innflutningsyfirvöldum og beiðnir um skýringar vegna útgefna veiði- og vinnsluvottorða sem Fiskistofa gefur út. Fiskistofa svarar öllum fyrirspurnum sem berast stofnuninni og heimilt er að svara samkvæmt upplýsinga- og persónuverndarlögum.

2.1 Uppruni fyrirspurna til Fiskistofu



Innlent samstarf

Fiskistofa leggur áherslu á samstarf við aðrar stjórnvöld og hagsmunaaðila í sjávarútvegi til þess að rækja hlutverk sitt sem best. Slíkt samstarf getur bæði stuðlað að aukinni skilvirkni og hagræði með það að markmiði að bæta bæði upplýsingagjöf og þjónustu ásamt því að auðvelda samskipti. Reglulegt samráð er haft við tollayfirvöld, Matvælastofnun, Landhelgisgæslu, Hafrann-

sóknastofnun, Fjársýslu ríkisins, Hafnasamlagið, Skattinn og Samgöngustofu. Þá er Fiskistofa í reglulegum samskiptum og samstarfi um ýmis mál við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Landssamband smábátæigenda. Einnig leggur Fiskistofa til kennara á löggildingarnámskeið fyrir vigtarmenn sem haldin eru á vegum Neytendastofu.

Samstarf á alþjóðavettvangi

Fiskistofa á fulltrúa í ýmsum samstarfsnefndum á vegum alþjóðlegra fiskveiðieftirlitsstofnana. Eins og við er að búast hafði Covid-19 heldur betur áhrif á hvernig að þeirri þátttöku var staðið á árinu. Ferðadagar starfsmanna erlendis á vegum Fiskistofu 2020 voru 7 talsins en gistinætur 5. Til samanburðar voru ferðadagar starfsmanna erlendis á vegum Fiskistofu 198 talsins árið 2019. Engu að síður tók Fiskistofa þátt í samstarfi alþjóðlegra í svipuðum mæli og undangengin ár. Fundahöld og öll samskipti færðust yfir á netið þar sem Fiskistofa styðst einkum við Teams-kerfið við samskipti og fjarvinnu bæði innanbúðar og í samskiptum við ytri aðila innanlands og víðsvegar um heim.

Útgáfa vottorða

Fiskistofa ber ábyrgð á að gefa út veiði- og vinnsluvottorð sem nauðsynleg eru við útflutning á sjávarafurðum til þess að staðfesta að afurðirnar eigi uppruna sinn í löglegum veiðum. Evrópusambandið skilgreindi kröfur um þetta efni á sínum tíma og vottorðin eru sniðin að tilskipun þaðan en það færir æ meir í aukana að gerð sé krafa um þessi vottorð vegna útflutnings til landa utan ESB. Meðal annars eru þessi vottorð nauðsynleg á mikilvægum mörkuðum í Austur-Evrópu og víða í Asíu.

Frá áramótum 2018 gerðu bandarísk stjórnvöld kröfu um svipuð vottorð vegna innflutnings þangað á nokkrum tegundum, þ. á m. þorski. Í samvinnu við hagsmunaaðila og stjórnvöld setti Fiskistofa upp rafrænt kerfi fyrir útgáfu vottorða vegna útflutnings til Bandaríkjanna sem fór í loftið fyrir árslok 2017.

Á árinu 2020 voru gefin út 32.289 rafræn veiðivottorð sem er tæplega 12% samdráttur frá fyrra ári. Útgefin vinnsluvottorð 2020 voru 470 og fækkaði þeim um rúmlega 30% á milli ára.

Frá árinu 2007 hefur Fiskistofa séð um útgáfu á leyfum til út- og innflutnings á afurðum sjávardýra sem heyrar undir svonefndan CITES-samning sem fjallar um viðskipti með lífverur á valista. Á árinu 2020 gaf Fiskistofa út 8 slík leyfi en á árinu 2019 voru þau 20 talsins. Að þessu sinni var aðallega um útflutning að ræða á sýnum til vísindarannsókna.

3. Eftirlit

Inngangur

Fiskistofa hefur eftirlit með öllum skipum sem veiða í íslenskri lögsögu ásamt veiðum íslenskra skipa sem veiða utan lögsögunnar. Enn fremur hefur Fiskistofa eftirlit með löndun og vigtun sjávarafla í íslenskum höfnum sem staðsettar eru hringinn í kringum landið. Eftirlitshlutverkið er ærið þar sem á síðasta ári voru tæplega 47 þúsund landanir í 59 löndunarhöfnum á Íslandi og landað magn tæp 968 þúsund tonn.

Síðastliðið ár var nokkuð frábrugðið undanförunum árum hvað veiðieftirlit varðar, má þar segja að heimsfaraldur Covid hafi haft þau áhrif vegna sóttvarnareglna að minna varð um eftirlitsferðir með skipum og heimsóknir í vinnsluhús. Hins vegar má segja að heimsfaraldurinn hafi undirstrikað þörfina fyrir aukið rafrænt eftirlit og að nýta aðrar leiðir við eftirlit en hefðbundnar yfirstöður. Var Covid tíminn m.a. nýttur til að hefja þjálfun eftirlitsmanna í notkun dróna og mun slíkt eftirlit hefjast á árinu 2021.

Fiskistofa hefur lagt sífellt meiri áherslu á að hagnýta öll þau gögn sem stofnunin safnar til að gera eftirlitið markvissara og beina því þangað sem þörfin er mest

hverju sinni. Á árinu hóf stofnunin í auknum mæli að beita áhættugreiningu, byggða á ISO 31000 staðli, til að greina hvernig eftirlitið nýtist sem best. Samhliða því hefur markvisst verið unnið að birta niðurstöður eftirlitsins, s.s. frávik í íshlutfalli, aflsamsetningu skipa o.fl. Birting slíkra gagna hefur ákveðið forvarnargildi og stuðlar að auknu gagnsæi í sjávarútvegi. Á árinu 2021 er stefnt á enn frekari birtingu slíkra gagna og aukið rafrænt eftirlit.

Á árinu var farið í sérstakt eftirlit með meðafla, fugla og spendýra, í grásleppunet í Breiðafirði. Af 340 veiðiferðum/löndunum voru veiðieftirlitsmenn með í 34 ferðum. Nýttast þessar ferðir og gagnaöflun úr þeim vel við upp-reikning hjá Hafrannsóknarstofnun. Ennfremur tók Fiskistofa yfir ákvörðun um skyndilokanir á árinu en það verkefni var áður á höndum Hafrannsóknarstofnunar. Hinn 1. september urðu breytingar á skilum afladagbóka þar sem þau skil urðu alfarið rafræn.

3.1 Eftirlit á sjó

Fiskistofa dró mjög úr eftirliti á sjó strax í mars þegar reglur um sóttvarnir voru hertar í landinu og var eftirlit



í lámarki vegna þessa, en var þó sinnt þegar slakað var á sóttvörnum og líka þegar aðstæður um borð voru þannig að hægt var að viðhafa viðunandi sóttvarnir. Fóru þá eftirlitsmenn í skimun eins og áhafnir og var áhersla lögð á eftirlit um borð í stærri skipum seinni-part ársins.

Árið 2020 voru veiðieftirlitsmenn Fiskistofu 571 dag á sjó við eftirlit með fiskiskipaflotanum.

Störf eftirlitsmanna um borð felast meðal annars í stærðarmælingum á fiski og tillögugerð um lokanir veiðisvæða, kvörnun og kyngreiningu fiska, fylgjast með aflasamsetningu, veiðarfærum, hlutfalli smáfisks í afla og brottkasti. Þá fylgjast veiðieftirlitsmenn einnig með því að afladagbækur séu rétt útfylltar og í samræmi við veiðar og afla um borð.

Á árinu mældu eftirlitsmenn Fiskistofu alls 112.202 fiska og kvarnaðir voru 1.649 fiskar. Einnig mældu eftirlitsmenn Fiskistofu 4.913 skeldýr og skráðu 21 sjávarspendýr og fugla við störf sín um borð.

Í upphafi árs 2020 var ákveðið að samstarfi Fiskistofu og Hafró í svokölluðu brottkastverkefni yrði fram haldið og yrði mælt úr veiðarfærunum línu og neti.

Verkefnið byggist á að gögnum er safnað til að rannsaka stærðartengt brottkast. Hafrannsóknastofnun gefur síðan út skýrslu annað hvert ár þar sem tölfræðilegar niðurstöður verkefnisins eru birtar. Í brottkastsverkefninu eru þorskur og ýsa mæld úr lönduðum afla og afla upp úr sjó frá sama skipi í samliggjandi veiðiferðum. Aðferðin byggist á því að brottkast sé lengdarháð og smáfiski sé hent en stærri fiskur hirtur. Mismunur þessara mælinga er síðan notaður til að meta stærðarháð brottkast. Ágætlega gekk að afla gagna í upphafi árs og var farið í fjölda róðra með netabátum þar til reglur um sóttvarnir voru hertar. Árið 2020 mældu eftirlitsmenn Fiskistofu samtals 35.387 fiska í brottkastsverkefninu 25.192 þorska og 10.195 ýsur.

Eftirlit á grunnslóð

Fiskistofa og Landhelgisgæsla Íslands hafa í gegnum árin sinnt sameiginlega eftirliti á grunnslóð og hafa eftirlitsmenn Fiskistofu þá farið með varðskipum Landhelgisgæslunnar í ferðir til fiskveiðieftirlits. Árið 2020 voru fyrirhugaðar þrjár slíkar ferðir, en áður en að fyrsta sameiginlega verkefninu kom voru sóttvarnarreglur hertar til muna og var það sameiginleg ákvörðun stofnananna að sjá til hvernig málin þróuðust. Seinnipartinn í maí fóru eftirlitsmenn Fiskistofu í dagsferð með varðskipinu Þór við grásleppueftirlit á innanverðum Breiðafirði og var léttabátur varðskipisins notaður við það eftirlit. Í byrjun júní var síðan farið í ferð með Tý og önnur ferð með Tý var farin í júlí.

Í þessum tveimur leiðöngrum var farið um borð í 26 báta, 11 voru á handfæraveiðum, 3 á dragnót, 3 á botnvörpu, 6 á línuveiðum, 2 á humartrolli og 1 uppsjávur skip á makrílveiðum. Af þessum bátum voru tveir fær-eyskir og einn norskur. Ein athugasemd og leiðbeining var gerð á vettvangi vegna afladagbókar sem er mikil breyting til batnaðar frá fyrri árum, 1 brotaskýrsla var gerð vegna brottkasts. Ekki kom til skyndilokunar vegna smáfisks í afla.

Fiskistofa og Landhelgisgæsla halda reglulega samráðsfundi og var það sérlega mikilvægt árið 2020 þegar taka þurfti ákvarðanir um sameiginlegt eftirlit á sjó meðan heimsfaraldur geysar. Landhelgisgæslan ásamt því að sinna fiskveiðieftirliti er mikilvægur hlekkur í leit og björgun á miðum og við strendur landsins og eru sóttvarnir því sérlega mikilvægar um borð í skipum Gæslunnar.

Uppsjávarfiskur

Í töflu 3.2 má sjá fjölda landana íslenskra og erlendra veiðiskipa á uppsjávarfiski í íslenskum höfnum

Grásleppa

Útgefin leyfi til veiða á grásleppu voru 174 og 39 leyfi á svæði B, 213 leyfi í heild. Þegar grásleppuvertíð hófst 10. mars ákvað Fiskistofa að ekki yrði farið í eftirlit með grásleppubátum þar sem erfitt hefði verið að fylgja þeim

3.1 Fjöldi daga eftirlitsmanna á sjó eftir árum

Ár	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Ísfiskskip	920	821	672	671	668	777	689	318
Vinnsluskip	823	786	699	719	505	473	440	253
Samtals	1.743	1.607	1.371	1.390	1.173	1.250	1.129	571

3.2 Eftirlit með löndun á uppsjávarfiski

	2019			2020		
	Landanir	Eftirlit	Hlutfall	Landanir	Eftirlit	Hlutfall
Landanir uppsjávarafla íslenskra skipa	459	90	19,6%	453	66	14,6%
Landanir uppsjávarafla erlendra skipa	47	13	27,7%	19	3	15,8%
Samtals	506	103	20,4%	472	69	14,6%

sóttvarnarreglum sem voru í gildi á þeim tíma. Veði á vartíðinni fyrir norðurlandi var óvenju góð og gaf atvinnu og nýsköpunarráðuneytið út reglugerð á vordögum 2020 um að stöðva skyldi grásleppuveiðar á miðnætti aðfaranótt 3. maí. Í sömu reglugerð var þó tilgreint að veiðar á innra svæði í Breiðafirði yrðu heimilaðar og var síðar miðað við 15 tonn á bát. Þegar veiðar á innra svæði hófust 20. maí var staða smita í Þjóðfélaginu orðin gjörbreytt og rýmri sóttvarnarreglur í gildi, ákvað því Fiskistofa að viðhafa eftirlit með veiðum á innra svæði í Breiðafirði. Var eftirlit með hefðbundnum hætti, haft var eftirlit með að netalengd væri rétt, merkingar veiðarfæra í lagi og skráning í afladagbók væri skv. ákvæðum reglugerðar. Mikil áhersla var á að sjávarspendýr og fuglar væru rétt skráðir og er þá verið að horfa til vottunar og ábyrgra fiskveiða. Eftirlitsmenn Fiskistofu fóru í 34 veiðiferðir með grásleppubátum. Gerð var ein skýrsla vegna brota á reglum um hrognkelsaveiðar.

Vinnsluskip

Fjöldi skipa sem vann afla um borð árið 2020 voru 17. Botnfiskur var flakaður um borð í 12 skipum, heilfrystur, haus- og/eða sporðskorinn um borð í 3 skipum, uppsjávarafli var unninn um borð í 1 skipi og 1 skip sauð rækju. Heildarfjöldi landana á afurðum vinnsluskipa árið 2020 voru 228.

Farið var í færri róðra með vinnsluskipum en áætlað var, en á móti var eftirlit með afurðum í landi meira. Eftir að sóttvarnir voru hertar var ekki farið í róður með vinnsluskipi nema áhöfnin væri skimuð fyrir brottför, fór þá eftirlitsmaður sem fór í veiðiferðina líka í skimun fyrir covid-19. Eftirlit Fiskistofu með vinnsluskipum felst auk þess að fara í róður með skipum í að rýna nýtingarskýrslur, telja nýtingarsýni við löndun og bera saman við skráningu í gagnasafn skipsins og að þíða upp vinnslu- og nýtingarsýni og kanna hvort nýtingarsýni sem ákvarða kvóta veiðiferðarinnar lýsi í raun vinnsluháttum um borð. Einnig er reiknað út miðað við uppgafna vinnslunýtingu uppsjávarskipanna hversu mikið á að vera af hrati í tönkum skipsins þegar búið er að landa og vigta frosnar afurðir.

Athuganir Fiskistofu á afurðum vinnsluskipa árið 2020 voru 44 talsins, 27 úttekir þar sem þíddar voru upp afurðir og bornar saman og 17 sinnum voru prufur taldar og bornar saman við gögn frá skipstjóra.

Af þeim 44 skoðunum við löndun vinnsluskipa sem eftirlitsmenn Fiskistofu framkvæmdu árið 2020 var gerð athugasemd 7 sinnum, í 3 skipti voru ein eða fleiri afurð felld á grunnstuðul þar sem mat Fiskistofu var að nýtingarsýni gæfu ekki rétta mynd af raunverulegri nýtingu um borð, í 4 skipti voru andmæli útgerðar og skipstjóra tekin til greina.

Í þeim 44 skoðunum sem Fiskistofa gerði árið 2020 vantaði 5 nýtingarsýni sem skráð var í gagnasafn skipanna.

Árið 2020 voru gerðar 3 brotaskýrslur vegna skipa sem vinna afla um borð, sami fjöldi og árið 2019.

Í samstarfssamningi Fiskistofu og Matvælastofnunar er m.a. kveðið á um að veiðieftirlitssvið Fiskistofu annist stöðumat í vinnslu- og frystiskipum. Þá skoða eftirlitsmenn Fiskistofu hvort og hvernig brugðist hefur verið við athugasemdum eftirlitsmanna Matvælastofnunar við vinnsluumhverfi um borð í vinnsluskipum. Matvælastofnun voru sendar upplýsingar vegna 6 veiðiferða.

Hjá Fiskistofu störfuðu þrír eftirlitsmenn sem sérhæfðir eru í eftirliti með skipum sem vinna afla um borð.

Skyndilokanir

Með breytingu á lögum nr. 79/1997 var framkvæmd skyndilokana færð frá Hafrannsóknastofnun yfir til Fiskistofu, og er það nú alfarið á ábyrgð veiðieftirlitssviðs Fiskistofu í samráði við skipstjóra að setja út veiðisvæði þegar skyndilokunum er beitt.

Skyndilokunum er beitt til að koma í veg fyrir skaðlegar veiðar á smáfiski. Skyndilokanir voru 11 á árinu. Flestar lokanir urðu þegar þorskur mældist undir viðmiðunarmörkum eða í 9 skipti, 1 skipti ýsa og 1 skipti grálúða. Flestar voru lokanir á handfæri, en þær voru 8 talsins.

Árið 2020 er fyrsta heila árið sem ný viðmiðunarmörk voru í gildi sem skýrir að stórum hluta þá miklu fækkun á skyndilokunum á ársgrundvelli.

3.3 Heildarfjöldi skyndilokana 2020 eftir fisktegundum

Fisktegund	
Þorskur	9
Þorskur/Ýsa	1
Grálúða	1
Samtals	11

3.4 Fjöldi skyndilokana 2020 eftir veiðarfærum

Fisktegund	
Botnvarpa	2
Lína	1
Handfæri	8
Samtals	11

Selveiði

Í lok desember 2019 var sett ný reglugerð nr. 1100/2019 um bann við selveiðum. Reglugerðin gildir um bann við veiði á öllum selategundum við Ísland. Í reglugerðinni kemur fram að selveiðar eru óheimilar á íslensku forráðasvæði (í sjó, ám og vötnum) nema að fengu sérstöku leyfi frá Fiskistofu. Fiskistofa getur veitt leyfi til tak-

markaðra veiða á sel til eigin nytja innan netlaga þar sem veiðar hafa verið eða verða stundaðar sem búsilag. Auglýst var eftir leyfum til selveiða fyrir árið 2020. Afgreiddar voru 20 umsóknir til veiða á samtals 67 landselum og 58 útselum. Veiddir voru 4 landselir, þar af 2 kópar og 10 útselir, þar af 8 kópar. Til viðbótar veiddist einn hringanóri í misgripum fyrir landsel.

Hvalveiði

Hrefnuveiðar voru ekki umfangsmiklar árið 2018 og árið 2019 og 2020 voru engar hrefnuveiðar stundaðar við Ísland. Engar langreyðarveiðar voru stundaðar 2019 og 2020. Hafa því engar hvalveiðar verið stundaðar við Ísland síðustu tvö ár.

3.5 Fjöldi veiddra hvala 2012 til 2020

Ár	Hrefna	Langreyður
2012	52	0
2013	35	134
2014	24	137
2015	29	155
2016	45	0
2017	17	0
2018	6	146
2019	0	0
2020	0	0

3.2 Eftirlit í landi

Vigtun sjávaraflla

Líkt og undanfarin ár er eitt stærsta eftirlitsverkefni Fiskistofu í landi eftirlit með vigtun sjávaraflla. Auk þess að halda uppi eftirliti með vigtun á hafnarvog gefur Fiskistofa út leyfi til vigtunar aflla, bæði til heimavigtunar og endurvigtunar.

Árið 2020 voru í gildi 85 leyfi til endurvigtunar aflla en í því felst að afli sem þegar hefur verið veginn á hafnarvog sé vigtaður aftur í fiskvinnslu eða á fiskmarkaði þar sem ís er skilinn frá aflanum að hluta eða öllu leyti til þess að finna endanlegan nettó þunga. Alls höfðu eftirlitsmenn Fiskistofu eftirlit með endurvigtun í 81 skipti á árinu. Hlutfallið er lægra í samanburði við árið 2019 en í ljósi samkomutakmarkana var ekki farið inn í fiskvinnslur í eins miklum mæli og áður.

Undir lok árs voru í gildi 17 heimavigtunarleyfi sem veita heimild til þess að vigta aflla án þess að hann sé áður veginn á hafnarvog. Slík leyfi eru aðeins veitt til vigtunar á uppsjávaraflla, ýmist hjá vinnslum eða fiskimjölsværsmiðjum. Strangari skilyrði gilda um veitingu slíkra leyfa um að innra eftirlit vigtunarleyfishafa sé virkt auk þess sem hafnaryfirvöld hafa skýrar eftirlitskyldur gagnvart leyfishöfum. Eftirlitsmenn fylgdust með heimavigtun í 27 skipti árið 2020.

3.6 Tegund og fjöldi vigtunarleyfa

Fiskitegund	Fjöldi 2020
Vigtunarleyfi sjálfstæðra aðila	1
Heimavigtun – uppsjávarvinnsla	6
Heimavigtun – bræðsla	11
Endurvigtun – fiskvinnsla	66
Endurvigtun – fiskmarkaðir	19
Samtals	103

Þá var í gildi 1 vigtunarleyfi sjálfstæðra aðila sem vigta aflla í umboði og á ábyrgð hafnaryfirvalda. Slík leyfi eru veitt aðilum sem vigta nær eingöngu aflla skipa sem vinna og frysta aflla um borð. Finna má upplýsingar um alla vigtunarleyfishafa á vefsíðu Fiskistofu.

Gegnsæi er ein af grunnstoðum íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins og er undirstaða árangurs og trausts á starfsemi Fiskistofu. Hefur stofnunin til margra ára gert aðgengilegar á vefsíðu sinni upplýsingar um landanir allra skipa sem stunda veiðar í íslenski lögsögu. Auk þess má þar finna upplýsingar um niðurstöður endurvigtunar hjá leyfishöfum úr hverri löndun. Þá hefur Fiskistofa reglulega birt niðurstöður endurvigtunar þegar eftirlitsmenn hafa eftirlit með vigtun í samanburði við aðra vigtun hjá leyfishafa á tveggja mánaða tímabili. Reiknað er út vegið meðalishlutfall hjá vigtunarleyfishafa á því tímabili, þ.e. meðalishlutfall að teknu tilliti til magns í löndun og niðurstaða vigtunar undir eftirliti borin saman.

Innleiðing áhættustaðals í eftirliti

Á undanförunum árum hefur Fiskistofa skipulagt eftirlit á grundvelli áhættumats byggt á ýmsum gögnum sem stofnunin safnar. Þannig eru vigtunarleyfishafar, skip o.s.frv. flokkuð út frá ákveðnum áhættuþáttum með það fyrir augum að beina eftirliti stofnunarinnar þangað sem mest þörf er talin vera fyrir það.

Á síðasta ári hóf Fiskistofa innleiðingu á ISO-31000 staðlinum sem er hugsaður til leiðbeiningar fyrir skilvirka áhættustjórnun stofnana og fyrirtækja. Innleiðing á staðlinum og skipulagning eftirlits út frá áhættu er sömuleiðis liður í því að efla traust á eftirliti stofnunarinnar, auka skilvirkni og gagnsæi í starfsemi Fiskistofu.

Strandveiðar

Á tímabilinu maí, júní, júlí og ágúst er heimilt að veiða á handfæri allt að 10.000 tonn af þorski, 1.000 tonn af ufsa og 100 tonn af gullkarfa eða samtals 11.100 lestar af óslægðum botnfiski á strandveiðum. Heimilt er, en ekki skylt, að landa ufsa án þess að sá afli teljist til hámarksaflla í veiðiferðinni.

Alls voru 677 bátar með leyfi til strandveiða árið 2020 sem er aukning um 48 leyfi á milli ára. Leyfi til strandveiða eru bundin skilyrðum sem m.a. lúta að leyfilegum

heildarafla á dag (650 kg þorskígildi) og tímalengd veiðiferðar (14 klst á sólarhring). Fiskistofa hefur eftirlit með því að þessi skilyrði séu virt og fer það einkum fram með rafrænum hætti.

Hverjum strandveiðibát er heimilt að stunda strandveiðar í 12 veiðidaga innan hvers mánaðar.

Samkvæmt samstarfssamningi við Matvælastofnun hafa veiðieftirlitsmenn hitastigsmælt afla einkum yfir sumarmánuðina og eru allar mælingar sendar til Matvælastofnunar til frekari úrvinnslu.

Afladagbækur

Árið 2020 voru 470 afladagbækur sem fóru í vanskil og bréf send út í ábyrgð vegna þessa. Sviptingar vegna afladagbókar voru 172 talsins

Hafnríkiseftirlit

Fiskistofa ber ábyrgð á að framfylgja hafnríkiseftirliti bæði á vettvangi Norðvestur Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar (NAFO) og Norðaustur Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Tilgangur hafnríkiseftirlitsins er að koma í veg fyrir ólöglegar veiðar á Norður Atlantshafi. Ákvæði reglna um hafnríkiseftirlit á við um komur erlendra skipa í samþykktar hafnir samningsaðila, með afla um borð sem veiddur hefur verið á NEAFC eða NAFO veiðisvæðum og hefur ekki áður verið landað

eða umskipað í höfn. Fiskistofa hefur skuldbundið sig til að sinna eftirliti í að lágmarki 15% tilfella með frosnum afurðum þegar um er að ræða löndun/umskipun erlendra skipa á Íslandi með afla af NAFO veiðisvæðinu en 7,5% landana með frosnum afurðum og 5% landana fersks afla af NEAFC-veiðisvæðinu.

Á árinu voru 6 hafnkomur með afla af NAFO svæðinu sem er fækkun um tvær á milli ára. Af þessum 6 lönduðu 5 skip og eru það jafn margar landanir og árið áður. Á árinu 2020 var ekki hægt að koma við eftirliti vegna COVID-19 heimsfaraldursins.

Hafnkomur skipa af NEAFC svæðinu voru 114 á móti 169 árið áður. En heimilaðar landanir erlendra skipa með afla af NEAFC veiðisvæðinu voru 93 á móti 141 árið áður. Eru þetta færri landanir en í meðalári sem skýrist af loðnubresti bæði ár og heimsfaraldrinum. Fullt eftirlit var við 2 landanir sem náðist fyrir COVID-19. Eitt skip varð uppvíst að broti við rafrænt eftirlit.

Eftirlitið utan rafræns eftirlits, felur m.a. í sér að fylgst er með löndun frá upphafi til enda, gerður er samanburður á magni og tegundum sem tilkynnt hefur verið um af viðkomandi skipi og lönduðum afla. Eftirlitsmenn fylgja eftir ákvæðum reglna um hafnríkiseftirlit. Brot á ákvæðum reglna um hafnríkiseftirlit eru t.d. ófullnægjandi merkingar á frystum afla, landanir án samþykkis hafnríkisins og misræmi á milli áætlaðs afla og landaðs afla.

3.7 Hafnríkiseftirlit

Ár	2019			2020		
	Landanir	Eftirlit*	Hlutfall	Landanir	Eftirlit*	Hlutfall
NEAFC	141	12	8,5%	93	2	2,2%
NAFO	5	1	20,0%	5	0	0,0%
Samtals	146	13	8,9%	98	2	2,0%

* Fullt eftirlit (e. full control)

3.8 Brotkastverkefni

Ár	Mælt í landi		Mælt í sjó		Samtals
	Þorskur	Ýsa	Þorskur	Ýsa	
2018	23.708	11.156	59.310	21.346	115.520
2019	26.639	16.347	87.045	41.566	171.597
2020	5.871	1.644	19.321	8.551	35.387
Samtals	50.347	27.503	146.355	62.912	287.117

4. Lax- og silungsveiði

Framkvæmd stjórnýslu og eftirlits með lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 er á sérstöku sviði Fiskistofu sem nefnist lax- og silungsveiðisvið. Á lax- og silungsveiðisviði starfar sviðsstjóri og einn sérfræðingur. Lax- og silungsveiðisvið starfar náið með öðrum sviðum Fiskistofu og lögfræðingateymi.


Lax- og silungsveiði 2020

Hafrannsóknastofnun safnar upplýsingum um veiði á laxi og silungi í umboði Fiskistofu og gefur árlega út skýrslu með samantekt um veiðina. Samkvæmt bráðabirgðatölum yfir stangveiði á laxi sumarsins veiddust um 42.800 laxar sem er 46% aukning frá fyrra ári og var veiðin nærri meðallaxveiði undangenginna áratuga (Mynd 4.1). Veiðin nú var um 13.500 löxum meiri en hún var 2019. Í tölum yfir heildarlaxveiði eru taldir villtir laxar, laxar sem upprunnir eru úr sleppingum gönguseiða og einnig þeir laxar sem er sleppt aftur í stangveiði (veitt og sleppt). Umtalsverð aukning varð í laxveiði í ám sem byggja veiði á sleppingum gönguseiða og var veiðin í þeim ám alls um 14.200. Munar þar mest um að metveiði var í Eystri-Rangá þar sem um 9.070 laxar veiddust.


Laxar úr gönguseiðasleppingum eru viðbót við náttúrulega framleiðslu ána og þegar veitt er og sleppt í stangveiði veidast sumir fiskar oftast en einu sinni. Þegar litið er til veiða á villtum laxi eingöngu (ekki úr seiðasleppingum), að teknu tilliti til endurveiddra laxa, er heildarstangveiði villtra laxa árið 2020 um 23.500 laxar, sem er sjötta minnsta stangveiði villtra laxa frá því skráningar á veiði hófust í rafrænan gagnagrunn. Laxveiði jókst milli ára í öllum landshlutum nema á Norðurlandi eystra þar sem lítilsháttar samdráttur varð frá fyrra ári. Mest var aukningin á Suðurlandi. Mynd 4.2 sýnir netaveiði á laxi á árabílinu 1974 til 2019 en upplýsingar liggja ekki fyrir um afla í netaveiði árið 2020.

Veiðifélögum og veiðiréttarhöfum þar sem ekki eru veiðifélög ber að skrá og skila upplýsingum um veiði á vatnasvæði sínu til Fiskistofu. Hafrannsóknastofnun úthlutar veiðibókum og safnar veiðiupplýsingum frá veiðifélögum í umboði Fiskistofu. Veiðifélög hafa veiðibækur aðgengilegar veiðimönnum til að skrá veiði sína. Í lok hvers veiðitíma hefur Hafrannsóknastofnun kallað eftir því að veiðibókum sé skilað og séð um að skrá upplýsingar um veidda fiska úr veiðibókum í rafrænan gagnagrunn. Um árabíl hefur veiðifélögum staðið til boða að

4.1 Fjöldi stangveiddra laxa á Íslandi 1974–2020 skipt í afla, veitt og sleppt og afla úr sleppingum gönguseiða



4.2 Fjöldi netaveiddra laxa á Íslandi á árunum 1974–2019



skila upplýsingum um veiði inn á rafrænu formi í gagnagrunninn. Takmörkuð þátttaka hefur þó náðst meðal veiðifélaga og veiðiréttarhafa og er því mikil vinna fyrir Hafrannsóknastofnun að skrá veiði úr veiðibókum á rafrænt form. Á allra síðustu árum hafa opnast möguleikar til notkunar á smáforritum eða rafrænum formum til að skrá og skila veiðiupplýsingum. Fiskistofa og Hafrannsóknastofnun skoða nú leiðir til þess að auka þátttöku veiðifélaga í rafrænni skráningu og stefnt er að því að hún verði almenn. Mikilvægt er að gæðum skráningar verði viðhaldið en veiðiskráning hér á landi er með því besta sem þekktist. Áfram verður veiðibókum úthlutað til veiðifélaga og upplýsingum um veiði safnað í þær veiðiveiðiar. Ávinningur af beinni rafrænni skráningu er að með því móti geta veiðiupplýsingar orðið aðgengilegar á rafrænu formi í rauntíma yfir veiðitímann og aukði með því og bætt aðgengi að veiðiupplýsingum.

Á árinu voru seld 200 útvortis slöngumerki til að merkja laxfiska ásamt 40.000 örmerkjum vegna seiðasleppinga og rannsókna tengdum þeim. Kaupendur voru bæði ýmsir sem rannsaka fisk í ám og vötnum og stangveiði- eða veiðifélög vegna sleppinga á veiddum laxi í ár. Skila skal skýrslu um notkun merkjanna til Fiskistofu. Á haustdögum 2019 og í byrjun árs 2020 bárust 232 örmerkjasnoppur til Hafrannsóknastofnunar og Laxfiska ehf til aflestrar vegna laxa sem veiddust árið 2019. Einnig bárust frá veiðimönnum um 66 útvortis merki. Lesin merki eru færð í gagnagrunn sem borinn er saman við merkjagrunn til að fá nánari upplýsingar um sleppihópa sem viðkomandi merki tilheyrja. Upplýsingar um merkta laxa eru sendar til Alþjóða hafrannsóknaráráðsins (ICES). Samtals örmerktu Hafrannsóknastofnun og Laxfiskar ehf 85.878 laxaseiði 2019 sem síðan komu fram í veiðum 2020 sem eins árs lax. Um 6% laxaseiðanna voru af náttúrulegum uppruna (ekki eldisseiði). Til viðbótar voru um 185 laxar merktir með útvortismerki 2019.

Á liðnum árum veitti Fiskistofa útdráttarverðlaun fyrir veiðimenn sem skilað hafa inn fiskmerkjum. Megintilgangur verðlaunanna er að hvetja veiðimenn til að skila merkjum úr laxfiskum en endurheimtur á merktum fiskum geta gefið mikilvægar upplýsingar um líffræði þeirra og atferli. Fiskistofa veitti slík verðlaun vorið 2020 og var það Stefán Hallur Jónsson sem hlaut þau að þessu sinni en hann skilaði merki úr fiski úr Elliðaánum.

Veiðifélög og veiðivarsla

Samkvæmt VI. kafla laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði ber Fiskistofa ábyrgð á því að stofnun veiðifélaga og starfsemi þeirra sé í samræmi við lög. Þannig staðfestir hún og birtir samþykktir og arðskrár veiðifélaga í Stjórnartíðindum. Á árinu voru þrettán mál tengd samþykktum veiðifélaga til umfjöllunar. Einnig voru þrettán nýtingaráætlanir veiðifélaga til umfjöllunar hjá Fiskistofu. Í þeim koma fram þær reglur sem veiðifélög hafa

sett með það að markmiði að viðhalda sjálfbærum lax- og silungsveiðum í ám og vötnum. Í nýtingaráætlunum er leyfilegt veiðiálag tiltekið og gefinn upp fjöldi stanga eða neta sem heimilt er að nota. Miðað er við að stangafjöldi sé bundinn til átta ára en hvers konar friðunaraðgerðir eru ótímabundnar og háðar ákvörðun veiðifélags hverju sinni. Öllum veiðifélögum ber að setja sér nýtingaráætlun. Enn eiga mörg veiðifélög eftir að skila nýtingaráætlunum, einkum fyrir veiði í sjóbirtings- og sjóbleikjuám.

Fiskistofa fjallar um fiskræktaráætlanir veiðifélaga í samræmi við lög nr. 58/2006 um fiskrækt. Alls voru sextán fiskræktaráætlanir til umfjöllunar hjá Fiskistofu 2020. Ábendingar og upplýsingar sem borist hafa Fiskistofu benda til þess að fiskrækt sé stunduð án þess að fyrir liggi staðfest fiskræktaráætlun í sumum tilvikum. Þegar slíkar upplýsingar berast aflar Fiskistofa nánari upplýsinga og leiðbeinir veiðifélögum um hvernig rétt er að standa að málum. Á árinu 2019 vann Fiskistofa sérstakt átak í að bæta stjórnsýslu, upplýsingaöflun og eftirlit vegna fiskræktar. Í töflu 7.3 má sjá upplýsingar um fjölda seiða sem sleppt var í íslensk veiðivötn samkvæmt upplýsingum sem Fiskistofu hefur borist frá veiðifélögum á árabílinu 2013–2018.

Fiskistofu ber að úrskurða ef upp kemur ágreiningur innan veiðifélags um ákvarðanir og stjórnarhætti. Eitt mál barst Fiskistofu vegna ágreinings um lögmæti ákvörðunar í veiðifélagi á árinu.

Fiskræktarsjóður er sjálfstæður sjóður sem hefur það hlutverk að veita lán og styrki til að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu og styðja við rannsóknir í ám og vötnum. Breyting var gerð á lögum um fiskræktarsjóð árið 2019 og hefur verið fallið frá innheimtu gjalds frá veiðifélögum í sjóðinn. Áfram verða þó veittir styrkir úr sjóðnum. Stjórn sjóðsins fer með fjármál hans og úthlutar árlegum styrkjum vegna ýmissa verkefna. Núverandi formaður sjóðsins er Páll Árni Jónsson. Á vef Fiskistofu eru nánari upplýsingar um sjóðinn og skrá yfir úthlutanir Fiskræktarsjóðs.

Skipulagsmál, mannvirkjagerð og efnistaka

Fiskistofa gefur út leyfi vegna framkvæmda við ár og vötn. Mörg erindi berast sem snúa að efnistöku. Þegar um minniháttar malartekju úr áreyrum hefur verið að ræða, og ekki er talið að lífríki skaðist, hefur landeigendum verið veitt heimild til langs tíma, allt að 5 árum. Sama gildir um árlega lagfæringu á farvegum ána og veiðivegum á vorin fyrir veiðitíma. Nokkuð er um að efnistaka fari fram í óleyfi, en það eykur hættu á því að skaði hljótist af. Þegar ábendingar koma fram um slíkt hefur Fiskistofa rannsakað málin og látið stöðva framkvæmdir eftir atvikum. Árið 2020 voru 99 leyfi veitt vegna margvíslegra framkvæmda við ár og vötn.

4.3 Fjöldi slepptra seiða í fiskrækt eftir landshlutum árin 2013 til 2018

Landshluti	Fjöldi veiðifélaga	2013		2014		2015	
		Smáseiði	Gönguseiði	Smáseiði	Gönguseiði	Smáseiði	Gönguseiði
Vesturland	59	19.000	22.700	46.500	20.000	26.000	30.200
Vestfirðir	26	0	29.000	0	40.000	0	23.000
Norðvesturland	38	7.000	23.000	11.000	44.000	13.500	32.500
Norðausturland	21	78.000	80.000	50.000	66.000	116.500	52.000
Austfirðir	22	6.500	110.000	8.000	91.200	73.700	89.000
Suðurland	60	3.796	1.181.761	19.066	945.606	22.028	1.028.529
Samtals:	226	114.296	1.446.461	134.566	1.206.806	251.728	1.255.229

Landshluti	Fjöldi veiðifélaga	2016		2017		2018	
		Smáseiði	Gönguseiði	Smáseiði	Gönguseiði	Smáseiði	Gönguseiði
Vesturland	59	0	18.648	3.000	0	0	0
Vestfirðir	26	0	20.300	0	20.000	0	0
Norðvesturland	38	11.000	17.500	11.000	37.500	11.000	40.500
Norðausturland	21	86.000	15.000	44.000	52.500	95.000	52.000
Austfirðir	22	0	92.000	123.450	114.200	105.600	131.500
Suðurland	60	23.009	951.513	8.461	1.271.346	20.000	1.229.600
Samtals:	226	120.009	1.114.961	189.911	1.495.546	231.600	1.453.600

Fiskistofa veitir ýmsum umsagnir: Orkustofnun vegna leyfisveitinga, Skipulagsstofnun vegna mats á umhverfisáhrifum og sveitarfélögum vegna skipulagsmála þegar framkvæmdir geta haft áhrif á lífríki í ám og vötnum. Á árinu 2020 voru til umfjöllunar 73 slík erindi.

Eftirlit með veiði á laxfiskum

Fiskistofa gefur út skipunar- og erindisbréf til veiðivarða sem veiðifélög ráða til sín, en með þeim fá veiðiverðirnir m.a. heimild til að leggja hald á ólögleg veiðitæki og afla.

Alls var 51 slíkt bréf gefið út á árinu 2020. Mörg veiðifélög sækja ekki um skipunar- og erindisbréf fyrir veiðiverði sína og því hafa þeir ekki heimildir sem gagnlegt væri að hafa í því starfi. Auk veiðivarða veiðifélaga réði Fiskistofa eftirlitsmann yfir sumarmánuðina, einkum til að kanna netalagnir í sjó í samvinnu við almenna eftirlitsmenn Fiskistofu. Árið 2020 var slíku eftirliti sinnt eins og á liðnum árum og athuganir gerðar á því hvort reglur væru virtar vegna netalagna við strendur landsins. Dróni var notaður í nokkur skipti við það eftirlit. Einnig var eftirliti sinnt úr báti með ströndum Borgar-



fjarðar. Eitt net var haldlagt í Héðinsvík við Skjálfanda. Þá var eftirliti sinnt úr flugvélum, m.a. í samstarfi við Landhelgisgæsluna, en eftirlitsmaður Fiskistofu tók þátt í tveimur eftirlitsflugum gæslunnar um Breiðafjörð og innanverðan Ísafjörð ásamt svæðum á norðurlandi að Húsavík. Í eftirlitsflugi með Landhelgisgæslunni, sem skipulagt var af Fiskistofu, var hald lagt á tvö net nærri Hofsósi. Voru því tvö mál kærð til lögreglu vegna meintra brota við veiði í net á laxi og göngusilungi í sjó.

Í eftirliti Fiskistofu hefur komið fram að netum í sjó með ströndum landsins hefur fækkað mjög síðustu ár. Svo virðist sem áhugi á slíkum veiðum fari dvínandi.

Eftirlit vegna framkvæmda við veiðivötn

Eftirlit Fiskistofu leiddi til þess að ellefu málum vegna meintra brota fyrir framkvæmdir við veiðivötn var vísað til lögreglu. Um var að ræða framkvæmdir án leyfis Fiskistofu í eða við veiðivatn og allt að 100 metra frá bakka, sem áhrif geta haft á fiskigengd þess, afkomu fiskistofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti. Málunum var vísað til lögreglu þar sem Fiskistofa ræður ekki fyrir stjórnsýsluviðurlögum til að bregðast við þeim.

Í einu máli til viðbótar var leyfi afturkallað vegna þess að framkvæmdaaðili virti ekki skilyrði í útgefnu leyfi.

Fiskeldi og slysasleppingar

Lax- og silungsveiðisvið Fiskistofu hefur það hlutverk að bregðast við og stjórna veiðum ef slysaslepping verður úr fiskeldi. Samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi, með síðari breytingum, ber Fiskistofu einnig að rannsaka að eigin frumkvæði ef grunur vaknar um að fiskar hafi sloppið úr eldi. Fiskistofa hefur netabúnað til taks á starfsstöðvum sínum fyrir það verkefni til að geta brugðist við ef grunur vaknar um að eldisfiskar hafi sloppið.

Árið 2020 bárust Fiskistofu tvær tilkynningar vegna mögulegra slysasleppinga á laxi og ein tilkynning vegna hugsanlegrar slysasleppingar á regnbogasilungi.

Tilkynning barst frá Arnarlaxi hf. í byrjun apríl þar sem í ljós kom meters löng rifa á kví 6 í Hringisdal á 1,5 m dýpi. Gert var við gatið, viðbragðsáætlun fyrirtækisins virkjuð og net lögð umhverfis umrædda kví. Ekki veiddist lax í netin. Fiskistofa aðhafðist ekki frekar vegna málsins.

Tilkynning barst frá Arnarlaxi hf. um miðjan apríl þar sem kom í ljós gat á botni kvíar 13 við Eyri í Patreksfirði á 35m dýpi. Gert var strax við gatið með aðstoð kafara, viðbragðsáætlun fyrirtækisins virkjuð og net lögð umhverfis umrædda kví. Ekki reyndist unnt að senda eftirlitsmann á staðinn vegna Covid-19. Fiskistofa var í samskiptum við Arnarlax vegna málsins, en samkvæmt innsendum upplýsingum veiddist ekkert.

Tilkynning barst frá fiskeldisfyrirtækinu Hafrúnu hf. upp úr miðjun mars þar sem kom í ljós gat á einni kví með regnbogasilungi í eldi í Skutulsfirði við Ísafjarðardjúp. Virðist sem nudd frá festingum hafi orsakað gatið. Gert var strax við gatið, viðbragðsáætlun fyrirtækisins virkjuð og net lögð við umrædda kví. Í framhaldinu voru gerðar ráðstafanir svo þetta gerðist ekki aftur. Ekki veiddist regnbogasilungur í netin. Fiskistofa aðhafðist ekki frekar vegna málsins.

Farin var í lok júlí sérstök eftirlitsferð í Ketildali við Arnarfjörð á Vestfjörðum vegna gruns um að eldislax væri til staðar í ám á svæðinu. Rannsakaðar voru þrjár ár í Bakkadal, Fífustaðadal og Selárdal. Veiddust 3 laxar og voru tekin sýni af þeim og send til Hafrannsóknastofnunar til erfðagreiningar. Ekki báru fiskarnir dæmigerð útlitseinkenni eldisfiska. Niðurstöður erfðagreiningar gáfu ekki til kynna að fiskarnir væru af eldisuppruna. Fiskarnir voru merktir og síðan sleppt.



Álaveiði

Árið 2019 var sett reglugerð nr. 408/2019 um bann við álaveiðum. Fiskistofa getur veitt leyfi til takmarkaðra veiða á áli til eigin neyslu þar sem veiðar hafa verið eða verða stundaðar sem búsilag. Leyfi eru bundin því skilyrði að allur afli sé skráður og að Fiskistofu verði sendar árlega skýrslur um sókn og afla. Árið 2020 var auglýst eftir umsóknum um álaveiðar það ár en engar umsóknir bárust.

5. Meðferð mála

Fiskistofa hefur eftirlit með því að farið sé að lögum og reglum sem gilda um veiðar, umgengni um nytjastofna og meðferð afla. Fiskistofu er í mörgum tilfellum ætlað að bregðast við brotum á lögum og reglum með beitingu stjórnsluviðurlaga. Viðurlögum er ætlað að hafa varnaðaráhrif sem miða að því að draga úr eða afstýra frekari brotum. Helstu úrræði Fiskistofu vegna brota eru áminning, svipting veiðileyfis og afturköllun leyfis. Meint brot geta einnig sætt kærú til lögreglu og í einhverjum tilfellum er það eina tiltæka úrræðið til að bregðast við broti. Þá getur Fiskistofa í einstökum tilvikum svipt skip veiðileyfi til að knýja á um framfylgni við lög og reglur.

5.1 Flokkun mála

Veiðar án leyfis	14
Brottkast	11
Vigtun afla	24
þar af vigtun vigtarleyfishafa	9
Framhjálföldun	6
Afladagbók	40
Vanskil afladagbókar	470
Veiðar án aflaheimilda	6
Mál vegna umframafla	1.321
Lax og silungsveiði	24
Undirmálsfiskur	4
Röng tilgreining tegunda	3
Grásleppuveiðar	13
Strandveiðar	42
Annað s.s. tilkynningarskylda, löggilding vigtarmanns, vigtun án löggilts vigtarmanns, ónákvæmni við áætlun afla og hindrun eftirlits.	14

Á árinu 2020 vaknaði grunur um brot í 164 tilvikum. Í töflu 5.1 eru upplýsingar um fjölda tilvika eftir málaflokkum. Í töflu 5.2 eru upplýsingar um afdrif mála þar sem grunur vaknaði um brot. Upplýsingarnar sýna ekki hvort ákvörðun Fiskistofu hafi verið felld úr gildi eða breytt með úrskurði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

5.2 Afdrif mála

Mál kærð til lögreglu	13
Áminningar	28
vegna brota gegn reglum um veiðar	8
vegna brota gegn reglum um vigtun og skráningu afla	4
vegna brota gegn reglum um afladagbók	5
framhjálföldun	4
brottkast	4
ófullnægjandi flokkun undirmáls (aflaskráning einnig leiðrétt)	3
Svipting veiðileyfis	11
vegna brota gegn reglum um veiðar	4
vegna brota gegn reglum um afladagbók	5
vegna brottkasts	2
Ófullnægjandi flokkun undirmáls (aflaskráning einnig leiðrétt)	1
Hindrun eftirlits	1
Afturköllun vigtarleyfis	1
Afturköllun framkvæmdaleyfis í eða við veiðivatn	1
Mál sent öðru stjórnvaldi	4
Ekki tilefni til beitingar viðurlaga eða leiðbeina	40
Leiðrétting aflaskráningar (auk leiðréttingar ófullnægjandi flokkunar undirmáls)	12
Leiðbeiningarbréf	119
Innheimtumál	
Ítrekunarbréf vegna ógreiddra veiðigjalda á árinu 2020:	181
Veiðileyfissviptingar:	26
Álagning gjalds vegna ólögðs sjávarafila:	1.323

Upplýsingarnar í töflunum er ekki hægt að bera saman innbyrðis eða milli taflna. Í einu og sama málinu getur verið um að ræða nokkrar tegundir brota. Þá getur málum lyktað með viðurlögum og leiðréttingu aflaskráningar. Auk þess geta nokkur brot sama aðila verið sameinuð í eitt mál.

Fiskistofa sendi 470 bréf vegna vanskila á afladagbók og 1.321 mál komu upp vegna veiða umfram aflaheimildir.

6. Álagning og innheimta

Fiskistofa annast álagningu og innheimtu veiðigjalds, skv. lögum um veiðigjald nr. 145/2018 og gjald vegna ólögmæts sjávarafla, skv. lögum nr. 37/1992.

Veiðigjald

Veiðigjald er lagt á landaðan afla og er það lagt á mánaðarlega fyrir næstliðinn mánuð. Veiðigjald er tiltekin krónutala á hvert kg landaðs afla, mismunandi eftir fisktegundum. Í töflu 6.1. má sjá álagt veiðigjald fyrir veiddan afla á árunum 2018 til 2020.

6.1 Álagning veiðigjalda (fjárhæðir í milljörðum kr.)

Veiðigjöld	2018	2019	2020
Veiðigjald	11,6	7,1	5,2
Afsláttur (gjaldfrjáls veiði)	0,3	0,4	0,4
Álagt veiðigjald alls	11,3	6,7	4,8

Ólögmætur sjávarafli

Fiskistofa leggur á gjald vegna ólögmæts sjávarafla á grundvelli laga nr. 37/1992 og annast innheimtu gjaldsins f.h. Verkefnasjóðs sjávarútvegsins (tafla 6.2). Við almenna álagningu gjaldsins er gert upp jafnóðum og ákvarðanir eru teknar í málum. Fiskistofa hefur einnig með höndum álagningu gjalds vegna ólögmæts afla strandveiðibáta. Þegar um strandveiðar ræðir er lagt á gjald sem nemur verðmæti þess afla sem er umfram 650 þorskígildiskíló í veiðiferð. Gjaldinu er skipt hlutfallslega eftir tegundum. Álagning fer fram mánaðarlega. Tilkynningar um álagningu vegna strandveiða á árinu 2020 voru alls 1.295 og fjölgaði um 132 frá 2019. Nam upphæð gjaldsins sem lagt var á 42,9 milljónum kr. sem er hækkun upp á 1,1 milljón. Í töflu 6.3 má sjá fjölda báta sem fengu álagningu eftir mánuðum og upphæð þess gjalds sem lagt var á þá.

6.2 Álagning og innheimta sérstaks gjalds vegna ólögmæts sjávarafla

Ólögmætur sjávarafli	2017	2018	2019	2020
Fjöldi mála á árinu	36	61	19	28
Heildarálagning kr.	21.039.469	38.785.137	1.175.095	3.258.621
Heildarinnheimta kr.	20.532.981	32.795.489	1.175.095	1.735.421

6.3 Álagning í strandveiðum 2020

Mánuður	Fjöldi álagninga	Heildarupphæð (kr.)	Meðal álagning í mánuði (kr.)
Maí	315	8.604.058	27.314
Júní	330	9.532.667	28.887
Júlí	401	16.254.482	40.535
Ágúst	249	8.552.567	34.348
Samtals	1.295	42.943.774	33.161



7. Mannauður

Hinn 31. desember 2020 voru starfsmenn Fiskistofu 61 talsins í 59,9 stöðugildum á 6 starfsstöðvum um landið. Starfsmannavelta Fiskistofu árið 2020 var 19,8% en starfsmannavelta er skilgreind sem hlutfall þeirra starfsmanna sem hætta störfum á viðkomandi ári af heildarfjölda starfsmanna í árslok.

Eftirtaldir fastráðnir starfsmenn létu af störfum á árinu:

Árni Dan Ármannsson, Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson, Björn Jónsson, Dórothea Jónsdóttir, Eyþór Björnsson, Hallvarður Guðni Svavarsson, Ingibergur Sigurðsson, Kristinn Ólafur Kristinsson, Leifur Magnússon, Lína Hildur Jóhannsdóttir og Svavar Ottesen Berg.

Starfsþróun og þekkingarmiðlun

Þekking, reynsla og menntun starfsmanna er ein af helstu auðlindum Fiskistofu. Hlutfall starfsmanna sem hafa fyrstu háskólamenntun eða frekari menntun er 60,7%. Aðrir starfsmenn hafa einnig viðtæka þekkingu og menntun til dæmis skipstjórnarmenntun, fiskiðnaðarmenntun, stúdentspróf eða iðnmenntun.

Ný jafnréttisáætlun var samþykkt á árinu og er innleiðing á henni hafin. BSI á Íslandi framkvæmdi milliúttekt á jafnlaunakerfi Fiskistofu. Niðurstaðan var sú að kerfið er virkt og að ekki greinist kynbundinn launamunur hjá stofnuninni.

Eyþór Björnsson lét af störfum sem fiskistofustjóri fyrripart árs og var Ögmundur Haukur Knúttsson skipaður fiskistofustjóri til ársins 2025.

Heimfaraldurinn hafði talsverð áhrif á starfsemi Fiskistofu eðli málsins samkvæmt. Verulega dró úr hefðbundnum eftirlitsverkefnum veiðieftirlitsins sökum Covid en önnur starfsemi Fiskistofu gekk afar vel þrátt fyrir að fjöldi heimaskrifstofa hafi sprottit upp. Fiskistofa var vel í stakk búin til að takast á við breyttar aðstæður þar sem fjarvinna var orðin hluti af menningu stofnunarinnar fyrir tilkomu heimfaraldursins og fjarfundamenning ríkjandi þar sem stofnunin er staðsett á sex stöðum um landið. Fiskistofa gat því boðið upp á alla þá fræðslu sem fyrirhuguð var samkvæmt fyrirbyggjandi starfsþróunaráætlun.

Í fræðsluáætlun Fiskistofu fyrir árið 2020 var meðal annars boðið upp á kennslu á Trello, myndvinnslu og klippingu, persónuvernd, fræðslu um rannsóknarreglu stjórnarsýslulaga og afladagbókarappið svo eitthvað sé nefnt. Þá var starfsmönnum einnig boðið uppá námskeið í verkefna- og tímastjórnun. Jafnframt var mikil áhersla lögð á kennslu á Teams-umhverfið á árinu en það var innleitt hjá Fiskistofu í upphafi árs.

Á haustmánuðum var enn fremur haldið upprifjunarnámskeið á skjalakerfi Fiskistofu (*Workpoint*) og það aðlagð að hverjum notendahóp fyrir sig. Þá var lögð áhersla á umhverfistengda fræðslu, en stofnunin hefur unnið mikið að umhverfismálum á árinu. Í upphafi árs var umhverfisráð Fiskistofu stofnað og sitja í því fulltrúar hvers sviðs. Verkefni ráðsins er að vinna að málum tengdum „*Grænum skrefum*“, þ.e. draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi og efla umhverfisvitund starfsmanna. Sú vinna hefur gengið vel og fékk Fiskistofa vottun á fyrsta skrefinu af fimm í október en áætlað er að stofnunin uppfylli öll fimm skrefin í lok árs 2021.




Fræðslustundir Fiskistofu voru einnig í boði líkt og síðustu ár en það er allt að klukkutíma fræðsla þar sem starfsfólk Fiskistofu deilir sínu sérsviði eða hugðarefni með samstarfsfólkinu. Fjórar slíkar stundir voru haldnar á árinu. Þá sóttu stjórnendur Fiskistofu tvö sértæk námskeið, meðal annars hjá Guðrúnu Snorradóttur, stjórnendabjálfa.

Stefna Fiskistofu hefur verið að allir starfsmenn stofnunarinnar hittist tvisvar sinnum á ári á starfsdegi. Fyrri starfsdagur var áætlaður í maí og var búið að leggja mikla vinnu í skipulagningu, utanumhald og bókun erinda. Það varð þó eðlilega ekkert úr þeim degi sökum ástandsins og var ákveðið að fresta starfsdeginum fram á haustið. Þegar líða tók á haustið var ákveðið að slá þeim starfsdegi einnig á frest.



Margir starfsmenn Fiskistofu huguðu að símenntun en samþykkt voru tæp 30 slík námskeið á árinu. Námskeiðin fóru langflest fram í gegnum vefinn líkt og svo margt annað á árinu.

Tveir þriðju hlutar starfsmanna Fiskistofu eru karlar (sjá mynd 7.1). Kynjahallinn skýrist að fullu með störfum eftirlitsmanna en í hópi 22 eftirlitsmanna er einungis ein kona en erfitt hefur verið að fá konur í veiðieftirlitið. Í yfirstjórn Fiskistofu voru 4 karlar og 2 konur. Meðalaldur starfsmanna Fiskistofu er 50. Elsti starfsmaðurinn er 69 ára en yngsti er 29 ára.

7.1 Hlutfall kvenna og karla hjá Fiskistofu



7.2 Þróun starfsmannafjölda og stöðugilda frá árinu 2008



8. Upplýsingatækni

Árið 2020 var ár breytinga hjá upplýsingatækni sviði Fiskistofu. Nýr sviðsstjóri tók til starfa á miðju ári og í kjölfarið var farið í endurskoðun forgangsverkefna og gerðar stefnubreytingar í rekstri upplýsingakerfa stofnunarinnar. Helstu markmið sviðsins voru að tryggja öruggt skjól fyrir upplýsingakerfi Fiskistofu og sækja fram á við með þróun nýrra kerfa og stafrænna lausna.

Árið 2020 reyndist mörgum fyrirtækjum og stofnunum krefjandi vegna kófsins en Fiskistofa var ágætlega í stakk búin til þess að mæta fjarvinnu í auknum mæli. Slíkum breytingum fylgja mörg tækifæri en þeim fylgja líka ógnir.

Þekkt er að í flóknum heimi tækninýjunga og vaxandi ógn af tölvuárásam er ljóst að minni fyrirtæki og stofnanir eiga sífellt erfiðara með að verja upplýsingakerfi sín með fullnægjandi hætti. Nauðsynlegt er að tryggja að til staðar séu öflugar netvarnir og sérfræðiþjónusta til að lágmarka áhættuna eins og hægt er. Í ljósi þess var ákveðið að allur miðlægur búnaður yrði fluttur í hýsingu til sérhæfðs hýsingaraðila sem gæti tryggt öryggi kerfanna. Einnig var samið við sama aðila um almenna rekstrar- og notendaþjónustu. Með þessum breytingum létti einnig á upplýsingatækni sviði svo að það gæti einbeitt sér frekar að sérhæfðari verkefnum sem snúa að þróun innri kerfa og miðlun upplýsinga.

Til að tryggja enn frekar öryggi upplýsingakerfa og gagna Fiskistofu var hafin innleiðing á ISO27001 staðli um upplýsingaöryggi og gerð krafa um að hýsingar- og þjónustuaðilar séu með sambærilega vottun.

Framboð á skýjaþjónustu er sífellt að aukast. Fiskistofa hefur lagt áherslu á að nýta staðlaða skýjaþjónustu til að hagræða í þróun og rekstri og til að efla framboð stafrænna lausna. Þessi þróun er mjög jákvæð enda öruggari, hagkvæmari og einfaldari í rekstri en hefðbundin kerfi. Dæmi um slíka þjónustu sem komin er í notkun

hjá Fiskistofu er Office365 umhverfið, málakerfi, gæðakerfi, póstlistakerfi, auðkenningarþjónusta og stafrænt pósthólf.

Þjónustugáttin Ísland.is er stafræn þjónustugátt hins opinbera. Í gegnum árin hafa stofnanir þróað sams konar stafrænar lausnir hver í sínu lagi með tilheyrandi kostnaði og ósamræmi í viðmóti. Verkefnastofa um stafrænt Ísland hefur stigið myndarlega þar inn með þróun lausna sem stofnanir geta samnýtt. Fiskistofa er í góðu samstarfi við verkefnastofuna varðandi stafræna vegferð og leitast við að nýta þær lausnir sem verkefnastofan hefur þróað, meðal annars þróun á umsóknarkerfi og innleiðingu á stafrænu pósthólfi fyrir stofnunina.

Á árinu lauk tæknilegum aðskilnaði tölvukerfa Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunar, en kerfi og gagnagrunnar voru mjög samofin eftir áralanga þróun í sameiginlegu tölvuumhverfi. Stofnanirnar vinna náið saman og samnýta upplýsingar til að sinna lögbundnum hlutverkum sínum. Verkefnið var umfangsmikið og tæknilega flókið í framkvæmd, en eftir aðskilnaðinn fara öll gagnasamskipti um þar til gert vefþjónustulag. Verður lögð áhersla á það til framtíðar að auka framboð af vefþjónustum til þess að hafa samskipti við stofnanir og fyrirtæki.

Stórum áfanga var einnig náð á árinu með gangsetningu á afladagbókarsmáforriti fyrir farsíma. Forritið er þægilegt og einfalt í notkun, en með því er hægt að skila inn afladagbók rafrænt í stað þess að notast við pappír.

Spennandi verkefni verða á borði upplýsingatækni sviðs á næsta ári við innleiðingu stafrænnar þjónustu verkefnastofu stafræns Íslands og frekari sjálfvirknivæðingu. Má þar nefna nokkur verkefni sem eru þegar komin í vinnslu svo sem mælaborð, kortasjá og bættan rekjanleika á lönduðum afla

9. Rekstraryfirlit Fiskistofu 2020

Samkvæmt rekstraryfirliti Fiskistofu námu gjöldin á árinu 1.031,4 milljónum króna.

Hæsti útgjaldaliður stofnunarinnar eru laun og launatengd gjöld tæpar 750 millj. króna eða 72,7% af heildarútgöldum. Húsnæðiskostnaður nam 66,8 millj., en Fiskistofa borgaði 108,3 millj. í húsnæðiskostnað, en fékk á móti tekjur upp á 41,5 millj. vegna framleigu á hluta húsnæðisins í Dalshrauni 1 í Hafnarfirði til Matvælastofnunar og hluta af húsnæðinu á Akureyri til Verðlagsstofu skiptaverðs. Aðkeypt þjónusta er ríflega 9% af heildarútgöldum eða 93,4 millj., ferða og fundakostnaður 41,9 millj. sem er ríflega 4% af heildarkostnaði. Sjá nánar á meðfylgjandi mynd yfir skiptingu gjalda Fiskistofu.


Helstu eignakaup Fiskistofu á árinu 2020 voru kaup á tveimur bifreiðum, en á móti voru seldar tvær bifreiðar

frá árinu 2014. Keyptir voru drónar til veiðieftirlitsins og eins og á hverju ári var nokkuð um eignakaup hjá upplýsingatæknisviði aðallega endurnýjun á tölvum.


Framlag ríkisins til Fiskistofu á árinu 2020 var tæplega 897 milljónir sem skiptist í framlag til rekstrar kr. 881,6 millj. og framlag til afskrifta kr. 15,4 millj. Tekjur stofnunarinnar námu 121,9 milljónum. Tekjurnar skiptast í sértekjur og aðrar rekstrartekjur, sértekjur Fiskistofu á árinu 2020 námu 64,4 milljónum og vegur þar þyngst tekjur vegna útleigu á húsnæði, en aðrar rekstrartekjur voru tæplega 57,5 milljónir.

Tap ársins 2020 var 12,5 millj. Tapið er ívið lægra en gert hafði verið ráð fyrir. Ástæða þess er minni ferðakostnaður vegna Covid og aðrar rekstrartekjur eru lægri af sömu ástæðu. Eigið fé í árslok var 86,9 millj.

Tekjur 2020



Gjöld 2020



Rekstrarstaða 2020		
Gjöld	2020	2019
Laun og launatengd gjöld	749.990.209	717.952.669
Húsnæði	108.293.426	100.715.888
Aðkeypt þjónusta	93.404.807	69.764.210
Ferðir og fundir	41.916.407	63.927.118
Rekstrarvörur	14.136.142	17.442.675
Bifreiðar og vélar	8.156.775	6.100.126
Vextir, bætur og tilfærslur	169.574	366.682
Afskriftir	15.351.536	18.317.037
Gjöld samtals:	1.031.418.876	994.586.405
Tekjur		
Sértekjur	64.391.788	57.177.028
Aðrar reksrartekjur	57.530.950	77.281.412
Tekjur samtals:	121.922.738	134.458.440
Framlag skv. fjárlögum ársins		
Framlag til rekstrar	881.600.000	871.100.000
Framlag til afskrifta	15.351.536	18.317.037
Framlög skv. fjárlögum samtals:	896.951.536	889.417.037
Hagnaður (+)/tap ársins (-)	-12.544.602	29.289.072
Flutt frá fyrra ári	99.437.298	70.148.226
Eigið fé í árslok:	86.892.696	99.437.298

Sundurliðun tekna 2020

Sértekjur	2020
Húsaleiga	33.902.031
Kostn. Hludt. Í sameiginl. Húsnæði	7.604.029
Kostn. Hludt. Í sameiginl. Þjónustu	11.905.066
Tæki, búnaður og áhöld	450.000
Verkefnastyrkir frá innlendum opinberum aðilum	9.327.075
Verkefnastyrkir frá erlendum opinberum aðilum	229.849
Aðrar tekjur	973.738
Sértekjur samtals:	64.391.788
Aðrar rekstrartekjur	
Vottorð og leyfi Fiskistofu	7.881.278
Aðgangur að gagnaveitu Fiskistofu	1.200.591
Vigtunarleyfi Fiskistofu	3.402.501
Leyfi til framkvæmda við ár og vötn	1.296.880
Eftirlit í lögsögu	23.337.600
Úttekt á búnaði til vinnslu afla um borð í skipi	117.300
Úthlutun aflaheimilda og byggðakvóta	7.428.270
Flutningur á aflamarki og aflahlutdeild	8.863.983
Tilkynning um stöðu aflaheimilda	3.573.447
Afladagbók	229.100
Sala annarra fastafjármuna, ýmislegt	200.000
Aðrar rekstrartekjur samtals:	57.530.950
Tekjur samtals árið 2020:	<u>121.922.738</u>

10. Starfsmenn Fiskistofu 31. desember 2020

Ögmundur H. Knútsson, fiskistofustjóri

Skrifstofa Fiskistofustjóra

Halla María Sveinbjörnsdóttir
Hildur Jana Júlíusdóttir
Hreiðar Eiríksson
Margrét Einarisdóttir
Margrét Kristín Helgadóttir

Mannauðs- og fjármálasvið

Björk Guðmundsdóttir, deildarstjóri
Halla Björk Garðarsdóttir
Hildur Ösp Gylfadóttir, sviðsstjóri
Sara Helgadóttir

Lax- og silungsveiðisvið

Guðni Magnús Eiríksson, sviðsstjóri
Sumarliði Óskarsson

Upplýsingatæknisvið

Anna Sigríður Vilhelmsdóttir
Baldvin Baldvinsson
Brjánn Vigfússon
Brynjólfur Þórisson
Ólafur Guðnason
Ragnheiður Ásta Karlsdóttir
Sigurjón Friðjónsson, sviðsstjóri
Þórarinn Hólm Andrésson

Veiðieftirlitssvið

Elín Björg Ragnarsdóttir, sviðsstjóri
Jóhann Ásmundsson
Njáll Ragnarsson
Sævar Guðmundsson, deildarstjóri – landeftirlit
Viðar Ólason, deildarstjóri – sjóeftirlit

Veiðieftirlitsmenn

Arnar Tryggvason
Árni Jón Erlendsson
Birgir Mar Guðfinnsson
Birgir Smári Karlsson
Björg Þórðardóttir
Einar Tómasson
Eyþór Þórðarson
Guðmundur Ólafsson
Heimir Sigurður Karlsson
Ingólfur Ingólfsson
Jón Bek
Óli Þór Jóhannsson
Rafn Erlingsson
Ríkarð Ríkarðsson
Sigurður Björn Gunnarsson
Sigurður J. Palmason
Sigurjón Magnús Skúlason
Sigurpáll Sigurbjörnsson
Soffía Árnadóttir
Sólmundur Gísli Bergsveinsson
Tryggvi Tryggvason
Þorbergur Kjartansson
Þórarinn Traustason
Þórir Sigfússon

Veiðieftirlit – vinnsluskip

Sigurður Ásgeirsson

Þjónustu- og upplýsingasvið

Alma Sigurðardóttir
Anna Guðrún Árnadóttir
Anna Þormar
Baldvina Karen Gísladóttir
Daði Tryggvason
Guðbjörg Erla Ingólfssdóttir
Gunnar Hallgrímur Sigurðsson
Jódís Lára Gunnarsdóttir
Óttar Gautur E. Erlingsson, deildarstjóri
Þorsteinn Hilmarsson, sviðsstjóri
Þórunn Margrét Jónasdóttir

1 starfsmaður var í tímabundið ráðinn í hlutastarf.